



## Líkleg verkefni á borholujarðfræðideild og staða lausráðinna starfsmanna

Jens Tómasson

Greinargerð JT-86-07

## LÍKLEG VERKEFNI Á BORHOLUJARÐFRÆÐIDEILD OG STÁÐA LAUSRÁÐINNA STARFSMANNA

Listi yfir verkefni 1987	mannár
1. Söluverkefni fyrir HR	1 1/2
2. Rannsóknir á lághitasvæðum á Höfuðborgarsvæðinu deildar- og söluverk	1 1/2
3. Smærri borverk	1
4. Úrvinnsla á eldri borholugögnum frá hitaveitum sem eru í gangi, Sauðárkrókur, Selfoss, Siglufjörður o.fl	1
5. Úrvinnsla á eldri borholugögnum frá háhitasvæðum, Svartsengi, Krafla, Trölladyngja og Krísvík	2
6. Ýmis deildarverk (stjórnun, rekstur, HSB o.fl)	1
7. Fagverk vökvabólutæki, röntgentæki, aðferðafræði, ummyndun í megineldstöðvum, ummyndun í ýmsum jarðhita- kerfum, málsteindir, greinaskrif í tímarit	2
Samtals	10

Sjö sérfræðingar í fullu starfi eru nú á borholujarðfræðideild, tveir sérfræðingar eru í hálfu starfi, auk þess eru tveir aðstoðarmenn í fullu starfi, mannafli deildarinnar er því 10 mannár.

Hve örugg er þessi áætlun?

Fyrsti liðurinn má heita öruggur. Það er að mestu búið að ganga frá samningum við HR um þessa úrvinnslu.

Annar liður: Samningar eru í gangi um þetta verk við HR. Það verður örugglega unnið talsvert við þetta verk á næsta ári.

Briðji liður: Það má örugglega auka hlut borholujarðfræðideildar í þessum verkum bæði hvað varðar jarðfræðilegt eftirlit með borun og úrvinnslu borholugagna, en alltaf er einhver óvissa um boranir á næsta ári.

Fjórði liður: Nokkrar fyrirspurnir hafa komið um úrvinnslu á eldri gögnum, en ekki er búið að ganga frá samningum. Þó er úrvinnsla úr borholugögnum frá eldri holum í Ölfusi eitt af þessum verkefnum. JHD hefur lagt til að það yrði samvinnuverk ríkis, sveitarfélags og eigenda borholanna.

Fimmti liður: Vegna mikilla anna undanfarin ár hefur ekki tekist að vinna úr borholugönum á háhitavæðum eins og æskilegt hefði verið og verkkaupar hafa óskað. Eftir er að ganga frá því hvaða óskir verkkaupar hafa á þessari úrvinnslu næsta ár.

Sjötti liður: Þessi liður er síst of metinn því deildin rekur þrjár stofur, röntgen, þunnsneiðagerð, svarf (þvott og varðveislu svarfs). Líklegt er að það verði að minnsta kosti 2 stúdentar hjá HSB.

Sjöundi liður: Þessi liður er síst of stór og höfum við verið mjög óánægð með hve lítil fagverkefni við höfum haft undanfarin ár og vorum t.d. mjög óánægð með þá afgreiðslu sem áætlun okkar um fagverkefni fyrir þetta ár fékk hjá deildarfundi. Læt ég fylgja afrit af þeim mótmælum

Lausráðnir starfsmenn sem hafa lausa samninga um áramót:

**Guðmundur Ómar Friðleifsson** hefur unnið samfellt á deildinni frá 1981. Auk þess hafði hann unnið nokkur ár á deildinni áður en hann fór í framhaldsnám í Englandi og hefur hann því starfsaldur frá 1977 á deildinni ef starfstími hans á námsárum er einnig talinn. Guðmundur hefur mest unnið í Kröflu, auk þess sem hann hefur unnið á Höfuðborgarsvæðinu, Nesjavöllum og ýmsum smærri borverkum. Í ár hefur hann unnið við úrvinnslu á Nesjavöllum, WRI-5 (undirbúningur á feltferð, leiðsögn í feltferð, grein og fyrirlestur); kennslu við HSB og vinnu við vökvabólutæki (koma því í gang og koma prófunum á rútinustig). Hann fór á námskeið í Ameríku til að læra á tækið 1985.

**Guðrún Sverrisdóttir** byrjaði að vinna á deildinni sumarið 1985, vann síðan hálfan dag til áramóta sem staðengill Vigdísar Harðardóttur við röntgentækið. Hefur unnið allan daginn frá áramótum, aðallega við úrvinnslu gagna frá Nesjavöllum. Önnur verkefni eru úrvinnsla gagna í Mosfellssveit og Kröflu.

**Ómar Bjarki Smárason** hefur unnið á deildinni frá miðju ári 1983. Hann hefur aðallega unnið við úrvinnslu borholugagna og boranir á Höfuðborgarsvæðinu. Í ár hefur hans aðalstarf verið að undirbúa WRI-5 ráðstefnuna. Hann vinnur nú við að ljúka við skýrslur frá Höfuðborgarsvæðinu sem frestuðust þegar hann tók að sér að undirbúa WRI-5.

**Vigdís Harðardóttir** hefur unnið á deildinni frá 1982. Aðalverksvið hennar hefur verið röntgengreiningar. Hún hefur hálft starf og sér um röntgentækið og er nú á mánaðar námskeiði í Noregi í leirgreiningum.